

Föstudaginn 26. mars 1999.

Nr. 511/1998.

**Reykjavíkurborg vegna
barnaverndarnefndar Reykjavíkur**

M og

K

(Hjörleifur B. Kvaran hrl.)

gegn

A

(Jón Ingólfsson hrl.,

Óskar Thorarensen hdl.)

Börn. Forsjá. Fóstursamningur. Umgengnisréttur. Stjórnsýsla. Gjaf-sókn.

A var svipt forsjá sonar síns af barnaverndaryfirvöldum þar sem þau töldu hana óhæfa til að annast uppeldi hans. Í framhaldi af því var drengnum komið í fóstur. A krafðist þess að úrskurður um forsjársviptingu og samningur um fóstur yrðu felldir úr gildi með dómi. Fyrir Hæstarétt var lögð matsgerð dómkvaddra matsmanna sem töldu A ekki hæfa til að fara með forsjá barnsins. Einnig kom fram að eftir að A hafði verið svipt forsjánni hafði lífernir hennar einkennst af óreglu. Var talið að skilyrði barnaverndarlaga til forsjársviptingar væru uppfyllt og var aðalkröfu A hafnað. Fallist var á varakröfu A um að felldur yrði úr gildi úrskurður barnaverndaryfirvalda um inntak umgengnisréttar hennar við son sinn, enda var ekki talið að sýnt hefði verið fram á nauðsyn þess að takmarka hann svo mjög sem gert hafði verið. Á hinn bóginn var kröfu um að tilhögun umgengninnar yrði ákveðin með dómi vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Pétur Kr. Hafstein, Arnljótur Björnsson, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnlaugur Claessen og Haraldur Henrysson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar 29. desember 1998. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara

að áfrýjendum verði gert að þola ógildingu á úrskurði barnaverndarráðs Íslands 10. júní 1998 og ákveðin verði mun rýmri umgengni sonar og móður en þar er kveðið á um, eða að minnsta kosti 12 sinnum á ári með jöfnu millibili, 24 klukkustundir í senn og jafnframt 4 vikur samfelldt að sumarlagi. Ennfremur verði ekki takmarkanir á símasambandi sonar og móður eða takmarkanir á gjöfum frá móður til sonar. Þá krefst stefnda málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda Reykjavíkurborgar.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Þeirra á meðal eru skýrslur um samskipti stefndu og lögreglu, eftir að hún var svipt forsjá drengsins, og álitserð þeirra Högna Óskarssonar geðlæknis og Páls Magnússonar sálfræðings, en þeir voru dómkvaddir af Héraðsdómi Reykjavíkur gegn andmælum stefndu 23. desember 1998 til að skila rökstuddri álitserð um geðheilsu og þroska stefndu, persónulegar og félagslegar aðstæður hennar og hæfi til að fara með forsjá sonar síns, B, sem fæddur er 2. janúar 1995. Einnig skyldu þeir gefa álit um hvaða afleiðingar ógilding fóstursamningsins myndi hafa í för með sér fyrir þroska og uppeldi B. Dómkvaðning matsmanna var staðfest með dómi Hæstaréttar 8. janúar 1999.

Fyrir Hæstarétt hefur einnig verið lagður samningur barnaverndar-nefndar Reykjavíkur við M og K 12. september 1998 um varanlegt fóstur drengsins B frá þeim degi til sjálfræðisaldurs hans.

II.

Í álitserð hinna dómkvöddu matsmanna kemur fram að stefnda hefur verið metin meira en 75% öryrki af geðrænum ástæðum. Áfengis-sýki hennar hafi ítrekað tekið sig upp þrátt fyrir endurteknar meðferðir, stuðning og aðhald. Hún eigi sér langa sögu um félagslegan óstöðug-leika, dómgreindarleysi í vali á félögum og sambúðarmönnum og mis-notkun áfengis. Persónuleiki hennar sé veikbyggður og jafnvel við lítið álag leiði frumstæðir varnarhættir hennar til afneitunar vandamála og flóttu frá ábyrgð. Dómgreindarleysi og skortur á innsæi hái henni einnig. Persónulegar og félagslegar aðstæður hennar séu mjög erfiðar. Hún eigi afar erfitt með að setja öðrum mörk og hafi því verið ófær um að halda eðlilegum ramma utan um heimili og fjölskyldulíf án mikillar hjálpar. Vegna alls þessa telja hinir dómkvöddu matsmenn stefndu ekki

hæfa til að fara með forsjá sonar síns, en taka um leið fram, að í því felist ekki að óæskilegt sé að hún hafi nokkra umgengni við drenginn.

Í álitserð matsmanna kemur einnig fram, að drengurinn B sé í meginatriðum heilbriggt og lífsglatt barn þótt málþroski hans sé minni en venjulegt megi teljast um börn á hans aldri og bendi til að mikilvægt sé í uppeldi hans að leggja ríka áherslu á málörvun. Telja hinir dómkvöddu matsmenn að fósturforeldrar hans hafi allar forsendur til þess að búa honum þær aðstæður, sem hann þarfnist, en aðstæður stefndu séu á hinn bóginn mun meiri óvissu háðar. Ógilding fóstursamningsins væri því ekki heillavænleg ákvörðun fyrir þroska og uppeldi drengsins.

Í fyrrgreindum lögregluskýrslum kemur fram, að frá því um mitt ár 1997 og fram í mars 1999 hefur stefnda iðulega verið við áfengisneyslu með óreglumönnum og hefur lögregla margsinnis verið kölluð að íbúð hennar, þegar ástand þar hefur farið úr böndum. Þá hefur stefnda nokkrum sinnum verið handtekin vegna ölvunar á almannafæri og annarra minni háttar lögbrota.

III.

Úrskurður barnaverndarnefndar Reykjavíkur 21. janúar 1997 um að svipta stefndu forsjá sonar síns er byggður á a- og d-lið 1. mgr. 25. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna, sbr. nú 35. gr. laga nr. 160/1998, sem breytti heiti laganna í barnaverndarlög. Í úrskurðinum er meðal annars til þess vísað að fram komi í niðurstöðum rannsókna, sem fram hafi farið við meðferð málsins hjá nefndinni, að persónuleiki stefndu sé óþroskaður, hana skorti með öllu sjálfsgagnrýni og hún hafi lítið sem ekkert innsæi í eigin vandkvæði. Stuðningur í formi leiðbeininga hafi ekki skilað tilætluðum árangri og eigi stefnda það til að taka slíkri íhlutun illa. Þess sé ekki að vænta að aðstoð við hana verði komið við þannig að hún geti veitt barninu viðunandi uppeldisaðstæður, en jafnframt verði að líta til þess að hún njóti ekki teljandi stuðnings skyldmenna. Þótt hún gæti annast ytri þarfir barnsins þyki hún með öllu ófær um að veita því annað atlæti, svo sem örvun, leiðbeiningar og festu í uppeldi. Ekki verði séð að barnið hafi hlotið skaða af atlæti sínu hjá móður, en hins vegar verði að telja fullvíst að heilsu þess og þroska sé hættu búin í umsjá hennar, einkum þegar barnið verði stærra og þarfnist þeirra þátta í uppeldi sínu, sem móðir sé með öllu ófær um að veita því.

Þyki því nauðsynlegt með tilliti til hagsmuna barnsins að því verði tryggðar öruggar aðstæður hjá öðrum, svo að það geti náð að dafna og þroskast.

Í gögnum málsins kemur fram að afskipti barnaverndarnefndar Reykjavíkur af stefndu hófust þegar á meðan hún gekk með barnið, en stefnda hafði um nokkurra ára skeið verið skjólstæðingur félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Fyrir lá bréf Jóns G. Stefánssonar geðlæknis, sem stundað hafði stefndu í nokkur ár, þar sem fram kom að hann teldi hana færa um að annast barn sitt, en taldi stuðning félagsmálastofnunar mikilvægan. Stefnda hafnaði boði um að dvelja í íbúð á vistheimili barna eftir fæðingu barnsins til að fá þar stuðning og kennslu. Hins vegar var rætt um aukið ungbarnaeftirlit og á fundi hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur 4. apríl 1995 var ákveðið í samvinnu við stefndu að eftirlit yrði haft með aðbúnaði og líðan drengsins og að þeim mæðginum yrði fundinn tilsjónarmaður. Í ódagsettri skýrslu frá tilsjónarmanni kom fram að stefnda hugsaði vel um drenginn. Á fundi nefndarinnar 15. ágúst 1995, þegar drengurinn var rúmlega 7 mánaða gamall, var fallist á óskir stefndu um að eftirliti nefndarinnar yrði hætt, en stefnda féllst á áframhaldandi samvinnu við tilsjónarmann.

Eins og fram kemur í héraðsdómi var lögregla kvödd að heimili stefndu 21. ágúst 1996. Samkvæmt lögregluskýrslu var mjög slæmt ástand í íbúð hennar og var hún áberandi ölvuð, svo og maður, sem þar var og kvaðst sá eiga þar lögheimili. Mikið drasl var um alla íbúðina og segir í skýrslunni að varla hafi verið hægt að stíga fæti niður vegna þess. Nágrannakona, sem kallað hafði á lögreglu, hafði son stefndu í sinni vörslu. Fulltrúi barnaverndarnefndar, Kolbrún Ögmundsdóttir félagsráðgjafi, sem farið hafði með mál stefndu, kom og á vettvang og varð það niðurstaðan að hún fór með drenginn til móður stefndu. Kolbrún hefur skýrt svo frá að tilkynningar hefðu áður verið komnar til félagsmálastofnunar vegna „söfnunaráráttu A, misnotkunar hennar á lyfjum og áfengi og þess að allskyns útígangsfólk er inni á heimili hennar“.

Í kjölfar þessara afskipta af heimili stefndu var mál hennar tekið til meðferðar á fundi barnaverndarnefndar Reykjavíkur 27. ágúst 1996, þar sem staðfest var bráðabirgðaákvörðun um kyrrsetningu barnsins hjá móðurömmu sinni en jafnframt kveðinn upp úrskurður samkvæmt c-lið 24. gr. laga nr. 58/1992 um að það skyldi dveljast þar uns annað yrði

ákveðið. Vegna heilsuleysis ömmu drengsins var ákveðið hinn 3. september 1996 með hliðsjón af áframhaldandi rannsókn málsins að drengurinn skyldi fara til vistunar á vistheimili barna. Um miðjan októbermánuð 1996 lágu fyrir skýrslur Ólafs Ó. Guðmundssonar geðlæknis og Margrétar Bárðardóttur sálfræðings um athuganir þeirra og viðtöl við stefndu. Hinn 18. nóvember 1996 var gert samkomulag um dvöl stefndu með syni sínum í íbúð í vistheimili barna til rannsóknar- og kennsluvistunar. Þangað fluttu þau 27. nóvember 1996 og dvöldust þar uns úrskurður barnaverndarnefndar var kveðinn upp 21. janúar 1997. Í málinu liggja fyrir tvær greinargerðir, dagsettar 29. október 1996 og 2. janúar 1997, þar sem starfsfólk vistheimilisins gerði grein fyrir athugunum sínum og niðurstöðum um drenginn og stefndu.

Stefnda naut aðstoðar lögmanns í samskiptum við barnaverndarnefnd á þessu tímabili.

IV.

Í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 58/1992 segir að úrskurður um forsjárvsiptingu skuli því aðeins kveðinn upp að ekki sé unnt að beita öðrum aðgerðum til úrbóta samkvæmt 21. gr. og 24. gr. eða slíkar aðgerðir hafi verið fullreyndar án nægilegs árangurs. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hóf þegar að fylgjast með málefnum stefndu og barns hennar skömmu fyrir fæðingu þess og með hliðsjón af gögnum málsins verða afskipti hennar talin réttmæt. Þau úrræði, sem nefndin greip til, voru í samræmi við 21. gr. og 24. gr. laga nr. 58/1992. Þegar litið er til rannsókna á vegum nefndarinnar á málinu og gagna, sem aflað var af hennar hálfu, áður en úrskurður hennar var kveðinn upp 21. janúar 1997, verður að telja að hún hafi gætt þeirrar rannsóknarskyldu, sem á henni hvíldi samkvæmt 18. gr. og 43. gr. laganna. Þá verður ekki litið svo á að hún hafi með ákvörðun sinni brotið gegn þeirri meðalhófsreglu, sem felst í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 58/1992, sbr. og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Áður eru raktar helstu niðurstöður dómkvaddra matsmanna. Telja verður þær að öllu verulegu leyti í samræmi við rannsóknarniðurstöður Ólafs Ó. Guðmundssonar geðlæknis og Margrétar Bárðardóttur sálfræðings, sem raktar eru í hinum áfrýjaða dómi. Hér koma og til álita greinargerðir faglærðs starfsfólks vistheimilis barna um rannsóknar- og kennsluvistun stefndu og sonar hennar þar, sem einnig er greint frá í héraðsdómi.

Eins og áður er rakið hafa verið lögð gögn fyrir Hæstarétt, sem gefa ótvírætt til kynna að stefndu hafi ekki tekist að ná tökum á lífi sínu eða auka líkur á því að hún geti tekist á við þær skyldur, sem uppeldi sonar hennar krefst. Óumdeilt er hins vegar að hann býr nú við öruggar og þroskavænlegar aðstæður á heimili fösturforeldra sinna, þar sem hann hefur dvalist í tæp tvö ár, en hann er nú rúmlega fjögurra ára að aldri.

Þegar virt eru heildstætt öll þau gögn, sem nú eru komin fram um hæfi stefndu til að fara með forsjá sonar síns, verður að telja fullvíst með hliðsjón af högum stefndu, að heilsu barnsins og þroska gæti verið hættu búin, yrði henni nú falin forsjá þess. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 58/1992 skal í barnaverndarstarfi jafnan það ráð upp taka sem ætla megi að barni sé fyrir bestu og stuðli að stöðugleika í uppvesti þess. Við ofangreindar aðstæður verða réttindi stefndu sem foreldris að víkja fyrir þeirri nauðsyn, sem syni hennar er á að búa við heillavænleg uppeldis-skilyrði, sbr. einkum d-lið 1. mgr. 25. gr. ofangreindra laga. Verður því að hafna þeirri kröfu stefndu að ógiltur verði með dómi úrskurður barnaverndarráðs Íslands 29. apríl 1997 og henni dæmd forsjá drengsins B að nýju. Einnig verða áfrýjendur sýknaðir af þeirri kröfu stefndu að föstursamningur barnaverndarnefndar Reykjavíkur annars vegar og áfrýjendanna M og K hins vegar verði úr gildi felldur.

V.

Varakrafa stefndu lýtur að því, að ógiltur verði úrskurður barnaverndarráðs Íslands 10. júní 1998 og ákveðin verði með dómi tiltekin umgengni mæðginanna.

Samkvæmt 5. mgr. 33. gr. laga nr. 58/1992 á barnaverndarnefnd úrlausnarvald um umgengni barna í fóstri við kynforeldra sína. Þrátt fyrir þetta ákvæði verður lagt undir úrskurð dómstóla, hvort ákvarðanir barnaverndaryfirvalda í þessum efnum séu byggðar á lögætum grunni. Það er hins vegar ekki hlutverk dómstóla að kveða á um inntak umgengnisréttar. Verður því að vísa frá héraðsdómi ex officio kröfu stefndu um að tilhögun umgengnisréttar hennar verði ákveðin með dómi.

Í athugasemdum með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 58/1992, kemur fram, að brýnt sé að lögfesta umgengnisrétt barns í fóstri við kynforeldra sína, enda muni almennt talið að um raunverulegan rétt barnsins sé að ræða. Þá segir að í reynd sé alltaf reynt að viðhalda

tengslum milli barns og kynforeldris og sé það aðallega vegna hagsmuna barnsins, enda talinn réttur þess. Viðkomandi barnaverndarnefnd verði að komast að niðurstöðu um hvort það þjóni hagsmunum barns að umgangast foreldrana eða hvort sá kostur sé ef til vill óraunhæfur eða jafnvel skaðlegur barni. Með umgengni sé komið í veg fyrir að samband barns við kynforeldra sína verði rofið, en þrátt fyrir þá annmarka foreldra, sem hljóti að hafa leitt til þess að barnið var vistað utan heimilis, geti þetta samband verið þroska barnsins afar mikilvægt. Meginreglan hljóti að vera sú, að barn í fóstri umgangist kynforeldra sína nema slíkt sé andstætt þörfum og hagsmunum barnsins.

Við meðferð umgengnismála á grundvelli fyrrnefndrar 33. gr. laganna verður að líta til þessara sjónarmiða, ekki aðeins við mat á því hvort umgengni skuli fara fram, heldur einnig við afmörkun á henni að öðru leyti. Hvorki í úrskurði barnaverndarnefndar Reykjavíkur 16. september 1997 né úrskurði barnaverndarráðs 10. júní 1998 er að finna nægilegan rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun að takmarka umgengni stefndu við son sinn svo mjög sem gert var. Í úrskurði barnaverndarráðs var umgengnin takmörkuð við eina og hálfa klukkustund á ári og skyldu þau hittast í húsnaði félagsmálastofnunar. Þá voru símhringingar einungis heimilaðar á afmælisdegi drengsins en ekki að öðru leyti, hvorki á fósturheimili né leikskóla hans. Loks voru gjafir heimilaðar í tengslum við jól og afmælisdag drengsins en ekki þess utan. Hefur ekki verið sýnt fram á réttmæti þessara ákvarðana við meðferð málsins fyrir dómstólum. Í álitsgerð hinna dómkvöddu matsmanna tóku þeir sérstaklega fram að mat þeirra um vanhæfi stefndu til að fara með forsjá sonar síns fæli ekki í sér það álit að óæskilegt væri að hún hefði nokkra umgengni við hann. Svipuð viðhorf komu fram í niðurstöðum Ólafs Ó. Guðmundssonar geðlæknis. Verður samkvæmt þessu fallist á varakröfu stefndu að því leyti að úrskurður barnaverndarráðs Íslands 10. júní 1998 verður felldur úr gildi.

Rétt þykir að fella niður málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Gjafsóknarákvæði héraðsdóms er staðfest. Um gjafsóknarkostnað stefndu fyrir Hæstarétti skal fara eins og mælt er fyrir um í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Áfrýjendur, Reykjavíkurborg, M og K, skulu vera sýkn af kröfum stefndu, A, um ógildingu úrskurðar barnaverndarráðs Íslands 29. apríl 1997 og fóstursamnings 12. september 1998.

Felldur er úr gildi úrskurður barnaverndarráðs Íslands 10. júní 1998, en að öðru leyti er varakröfu stefndu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Gjafsóknarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, 350.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. desember 1998.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrr í dag, er höfðað með stefnu birtri 20. október 1998 af A, kt. [...], F, Reykjavík, á hendur barnaverndarnefnd Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11, Reykjavík, og M, kt. [...], og K, kt. [...], báðum til heimilis að [...].

Stefnandi gerir þær dómkröfur aðallega, að stefndu, barnaverndarnefnd Reykjavíkur, M og K, verði gert að þola ógildingu á úrskurði Barnaverndarráðs Íslands frá 29. apríl 1997, þar sem stefnandi var svipt forsjá sonar síns, B, og að stefnanda verði dæmd forsjá hans að nýju. Þá er gerð sú krafa að felldur verði úr gildi með dómi forsjársamningur um son stefnanda milli barnaverndarnefndar Reykjavíkur annars vegar og stefndu M og K hins vegar. Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að stefndu verði gert að þola ógildingu á úrskurði Barnaverndarráðs Íslands frá 10. júní 1998 í máli hennar og kveðið verði á um mun rýmri umgengnisrétt hennar við son sinn og hans við hana en þar kemur fram, eða „a.m.k. 8 sinnum á ári með jöfnu millibili, 5 klst. í senn eða að mati dómsins, svo og að allar takmarkanir á rétti stefnanda til símasambands við son hennar verði dæmdar ólögmætar og að allar takmarkanir á gjöfum frá stefnanda til sonar hennar verði dæmdar ólögmætar“. Í aðal- og varakröfu krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en henni var með bréfi dómsmálaráðherra 2. þ.m. veitt gjafsókn fyrir héraðsdómi.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar að mati dómsins.

Mál þetta sætir flýtimeðferð hér fyrir dómi samkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Hinn 27. ágúst 1996 kvað barnaverndarnefnd Reykjavíkur upp þann úrskurð,

að drengurinn B, kt. [...95-....], skyldi tekinn úr umsjá móður sinnar, stefnanda máls þessa. Var úrskurðinum markaður gildistími til 5. nóvember 1996. Þar til annað yrði ákveðið skyldi barnið dvelja á heimili móður stefnanda, G. Í úrskurðinum kemur fram, að stefnandi sé 75% öryrki vegna geðveiki. Þá er þar staðhæft, að hún hafi til margra ára misnotað áfengi og lyf. Mál hennar hafi fyrst verið lagt fyrir barnaverndarnefnd hinn 13. desember 1994, en hún hafi þá verið barnshafandi. Ástæða afskipta barnaverndarnefndar hafi verið forsaga um geðveiki og mikla neyslu vímuefna. Um málið hafi þrívegis verið fjallað í nefndinni eftir þetta, en á fundi hennar 15. ágúst 1995 hafi verið ákveðið að hætta beinum afskiptum af því. Tilsjónarmaður, sem kallaður hafði verið til, skyldi þó áfram hafa eftirlit með heimili stefnanda. Í úrskurðinum segir síðan: „Þann 21. ágúst sl. kallaði lögreglan út starfsmann Barnaverndarnefndar vegna ölvunarástands A. Í lögregluskýrslu, dags. 21. ágúst 1996, kemur m.a. fram að A hafi verið áberandi ölvuð, æst og ör. Í íbúðinni hafi verið mikil óreiða, drykkjumaður héldi þar til og B hafi verið svangur og illa hirtur. Þar sem fyrir lá að A var undir áhrifum vímuefna og íbúð hennar í slæmu ásíðkomulagi ákvað formaður Barnaverndarnefndar skv. 47. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna, að B yrði tekinn úr umsjá A og kyrrsettur hjá móðurömmu sinni, G, til 27. ágúst 1996.“ Með vísan til framangreindra atvika varð það niðurstaða barnaverndarnefndar í þessum úrskurði hennar, að drengurinn B byggi við óviðunandi aðstæður og að móðir hans væri, í ljósi forsögu málsins, ekki í stakk búin til að annast hann. Því væri brýnt að tryggja öryggi drengsins með því að taka hann úr umsjá móður. Var um lagarök fyrir niðurstöðu barnaverndarnefndar um þá tímabundna töku barns af heimili, sem í úrskurðinum fólst, vísað til c-liðar 1. mgr. 24. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna.

Hinn 3. september 1996 var mál stefnanda að nýju tekið fyrir í barnaverndarnefnd. Á þeim fundi nefndarinnar var bókað, að við athugun málsins hefði komið í ljós, að móðir stefnanda ætti við heilsuleysi að stríða og að hún byggi ein. Af þessum sökum kæmi ekki til álita að B dveldi áfram hjá móðurömmu sinni. Tók nefndin ákvörðun um það á þessum fundi sínum að drengnum skyldi komið til dvalar á vistheimili barna, enda væri nauðsynlegt með tilliti til áframhaldandi rannsóknar málsins að kanna líðan, tengsl og samskipti hans við sína nánustu.

Með úrskurði 5. nóvember 1996 ákvað barnaverndarnefnd síðan að B skyldi kyrrsettur á vistheimili barna til 26. sama mánaðar. Þegar sú ákvörðun var tekin hafði barnaverndarnefnd borist skýrsla um geðrannsókn, sem Ólafur Ó. Guðmundsson geðlæknir hafði þá nýverið framkvæmt á stefnanda að beiðni nefndarinnar. Þá hafði nefndin ennfremur undir höndum greinargerð frá fjórum starfsmönnum vistheimilisins að Hraunbergi 15 í Reykjavík, en þangað fór B til dvalar í kjölfar framangreindrar ákvörðunar barnaverndarnefndar 3. september

1996. Er í framangreindum úrskurði nefndarinnar vísað til tiltekinna atriða í þessum skjölum til stuðnings ákvörðun um áframhaldandi vistun B á vistheimilinu. Þannig er byggt á því, að í greinargerð starfsmanna vistheimilisins komi fram, að stefnandi eigi í miklum erfiðleikum með að veita drengnum andlega örvun og aga. Hann hafi á hinn bóginn sýnt miklar framfarir eftir að hann kom á vistheimilið. Þá er sá skilningur lagður í skýrslu geðlæknisins, að andlegt atgervi stefnanda sé með þeim hætti, að miklar efasemdir séu um það að hún geti alið upp barn.

Samkvæmt gögnum málsins var málið næst tekið fyrir í barnaverndarnefnd 19. nóvember 1996. Lá þá fyrir samkomulag frá deginum áður, þar sem stefnandi undirgekkst „rannsóknar- og kennsluvistun“ fyrir sig og B í íbúð á vistheimili barna, en samkomulag þetta hefur ekki verið lagt fram í málinu. Þá mætti stefnandi ásamt lögmanni sínum á fund í barnaverndarnefnd 7. janúar 1997 og samþykkti áframhaldandi dvöl drengsins á vistheimili næstu þrjár vikur.

Með úrskurði barnaverndarnefndar Reykjavíkur, uppkveðnum 21. janúar 1997, var stefnandi síðan svipt forsjá B. Var sá úrskurður staðfestur af Barnaverndarráði Íslands með úrskurði 29. apríl 1997, en þangað skaut stefnandi málinu með kæru 29. janúar 1997. Í millitíðinni, nánar tiltekið 11. febrúar 1997, kvað barnaverndarnefnd upp úrskurð um umgengni B við stefnanda og móður hennar. Er þar mælt fyrir um það að drengurinn skuli hitta móður sína fimm sinnum í viku á vistheimili barna, en móðurömmu sína einu sinni í viku, í báðum tilvikum klukkustund í senn. Þessum úrskurði skaut stefnandi til Barnaverndarráðs 26. febrúar 1997, sem staðfesti hann 17. apríl sama ár.

Frá 17. apríl 1997 hefur barnaverndarnefnd kveðið upp þrjá úrskurði um umgengni B við stefnanda. Með úrskurði sínum 20. maí 1997 ákvað nefndin að drengurinn skyldi njóta umgengni við stefnanda einu sinni í viku á vistheimili barna, eina klukkustund í senn. Með úrskurði 10. júní 1997 var umgengni drengsins við stefnanda hins vegar felld niður. Var þessum úrskurði markaður gildistími til 10. september 1997. Hinn 16. september 1997 komst barnaverndarnefnd síðan að svohljóðandi niðurstöðu um það hvernig umgengni B við stefnanda og öðrum samskiptum þeirra skyldi háttað til frambúðar: „Barnaverndarnefnd Reykjavíkur ákveður að umgengni B við móður, A, ... skuli vera einu sinni á ári, eina og hálfa klukkustund í senn, að sumarlagi, í húsakynnum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Umgengni skal vera undir eftirliti starfsmanna Barnaverndarnefndar. Símhringingar eru hvorki heimilar á fósturheimilið né leikskóla drengsins. Gjafir eru heimilar í tengslum við jól og afmælisdag drengsins. Fósturforeldrar sendi A myndir af B um jól.“ Með úrskurði sínum 10. júní 1998 staðfesti Barnaverndarráð Íslands þennan úrskurð barnaverndarnefndar með þeirri einu breytingu, að símhringingar skyldu heimilar á afmælisdegi drengsins.

Samningur um varanlegt fóstur, svokallaður fóstursamningur, um drenginn B var gerður um mitt ár 1997 á milli barnaverndarnefndar Reykjavíkur annars vegar og stefndu, M og K, hins vegar. Sá samningur hefur ekki verið lagður fram í málinu.

Með málsókn þessari leitar stefnandi aðallega eftir því að henni verði á grundvelli ógildingar á framangreindum úrskurði Barnaverndarráðs Íslands frá 29. apríl 1997 fengin forsjá sonar síns, B, að nýju. Til vara ganga dómkröfur hennar í málinu út á það, að umgengnisréttur hennar við drenginn og réttur til að eiga önnur samskipti við hann verði rýmkaður verulega frá því sem í úrskurði Barnaverndarráðs frá 10. júní 1998 greinir.

Í fyrrgreindum úrskurði barnaverndarnefndar Reykjavíkur 21. janúar 1997 er forsök málsins, afskiptum nefndarinnar og Félagsmálastofnunar Reykjavíkur-borgar af stefnanda og aðstæðum hennar í meginatriðum lýst svo:

„A er fædd í Reykjavík [...]. Hún er ein sex systkina, en foreldrar hennar skildu þegar hún var 9 ára gömul. A bjó ásamt systkinum sínum hjá móður sinni eftir skilnaðinn. Skólagöngu hennar lauk þegar hún var 14 ára gömul, án þess að hún lyki prófi. Fljótlega fór A að vinna utan heimilisins, og starfaði hún meðal annars við aðhlynningu og afgreiðslustörf. Hún hóf sambúð 17 ára og þegar hún var 21 árs [eignuðust] hún og sambýlishaustur hennar son... Sambúðin var stormasöm og dvaldi sonur hennar mikið hjá föður- og móðurömmu sinni, þegar A gat ekki sinnt honum. Sambúðinni lauk er A var um þrítugt og kom hún þá syni sínum fyrir hjá föðurömmu hans. A byrjaði fyrst að nota áfengi 16 ára gömul og með árunum jókst neysla hennar jafnt og þétt. Af þeim sökum hefur hún dvalið á ýmsum meðferðarstofnunum. Í bréfi Jóns G. Stefánssonar læknis, dags. 6. mars 1994, kemur m.a. fram að A leitaði fyrst til hans á árinu 1989. Þá hafði hún mikil kvíða- og þunglyndiseinkenni og aðstæður hennar allar hinar erfiðustu og mikil togstreita í henni vegna tengsla við þáverandi sambýlismann. Hún mun hafa leitað til Jóns G. Stefánssonar læknis að nýju á árinu 1992 og hafði þá sagt skilið við manninn og hafið störf við ræstingar. Síðari hluta ágústmánaðar það ár missti hún vinnu sína og hefur verið atvinnulaus frá þeim tíma. Hefur hún verið óvinnufær og er metin 75% öryrki af geðheilsufarslegum ástæðum.

Í viðtölum við starfsmann stofnunarinnar á árinu 1994 gat A þess að hún ætti von á barni. Vegna forsökum um mikla áfengis- og lyfjaneyslu var talið rétt að fylgjast náið með A á meðgöngutímanum. Hún var mjög órugg og kvíðin og að hennar sögn fylgdist sonur hennar vel með henni. Vegna óöryggis A var henni boðin dvöl á Mæðraheimilinu fram að fæðingu barnsins, en hún hafnaði því. Þá var henni jafnframt boðið að dvelja í íbúð á vistheimili barna eftir fæðingu barnsins og fá þar stuðning og kennslu, en því hafnaði hún einnig. Í viðtölum starfsmanna stofnunarinnar við A og þáverandi sambýlismann hennar, [J], kom ekkert annað fram en hann væri faðir barnsins. Síðar tjáði A hins vegar starfs-

mönnum að [J] væri ekki faðirinn, heldur maður að nafni [H] og vildi hún ekkert frekar um hann ræða. Barnið hefur því ekki verið feðrað.

Hinn 13. desember 1994 var mál A, vegna ófæddis barns hennar, lagt fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur til kynningar. Fram kom í bókun fundarins að A lýsti yfir vilja til samstarfs við starfsmenn nefndarinnar, en mótmælti því að fara á vistheimili með barnið. Þá samþykkti hún að starfsmenn mættu leita álits Jóns G. Stefánssonar geðlæknis.

A eignaðist son sinn [...] 1995 á kvennadeild Landspítalans. Í bréfi Jóns G. Stefánssonar læknis, dags. [...] 1995, kemur m.a. fram að hann áleit A færa um að annast nýfæddan son sinn. Hins vegar taldi hann stuðning Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar við A mjög þýðingarmikinn. Í umsögn félagsráðgjafa og hjúkrunarfræðings kvennadeildar Landspítalans, dags. [...] 1995, kemur fram ... að A þyrfti stuðning að sængurlegu lokinni og nauðsynlegt væri að ungbarnaeftirlit yrði aukið. Í bréfi hjúkrunarfræðings og ungbarnaeftirlits, dags. 24. mars 1995, kemur fram að drengurinn þyngdist eðlilega og vel virtist hugsað um hann á allan hátt. A tók móðurhlutverkið alvarlega og annaðist son sinn vel, en móðir hennar studdi hana og kom til hennar annan hvern dag.

Hinn 4. apríl 1995 var málið lagt fyrir Barnaverndarnefnd að nýju. Þá var ákveðið í samvinnu við móður að eftirlit yrði haft með aðbúnaði og líðan drengsins og að þeim mæðginum yrði fundinn tilsjónarmaður. Í ódagsettri skýrslu tilsjónarmanns kemur m.a. fram að A hugsaði vel um drenginn. Á fundi Barnaverndarnefndar þann 15. ágúst 1995 var fallist á óskir móður um að eftirliti nefndarinnar yrði hætt, en A féllst á áframhaldandi samvinnu við tilsjónarmann.

Eftir að Barnaverndarnefnd hætti formlegum afskiptum af máli A bárust starfsmönnum tilkynningar um mikla söfnunaráráttu A, misnotkun lyfja og áfengis og að útigangsfólk vendi komur sínar á heimili hennar. Lýstu tilkynnendur m.a. áhyggjum sínum af barninu, vegna óþrifnaðar sem fylgdi söfnun A úr ruslagámum. Einnig sögðu nágrannar A að hún væri oft í annarlegu ástandi vegna lyfjanotkunar. Hinn 21. ágúst 1996 var lögreglan í Reykjavík kölluð að heimili A...

Í þeim kafla úrskurðarins sem ber yfirskriftina „niðurstaða“ eru færð svofelld rök fyrir ákvörðun barnaverndarnefndar um forsjársviptingu:

„Að ósk Barnaverndarnefndar gekkst A undir ítarlega rannsókn geðlæknis og sálfræðings. Samkvæmt niðurstöðum sálfræðiathugunar mælist greind A við mörk tornæmis og þroskahömlunar. Jafnframt er rök hugsun hennar verulega skert, svo og dómgreind, skipulags- og ályktunarhæfni. Þótt móðir hafi slæma stöðu greindarfarslega ræður það eitt ekki úrlitum um hvort hún teljist hæfur uppalandi sonar síns. Þá reynir hins vegar meira á aðra þætti eins og persónuleika

hennar og ytri aðstæður, þar á meðal aðstoð nærstaddra og hvort unnt er að koma við stuðningi.

Í niðurstöðum umræddra rannsókna kemur fram að persónuleiki A sé óþroskaður og áberandi frumstæðir varnarhættir, svo sem afneitun og frávarp, en fyrir hendi sé hæfni til myndunar tilfinningatengsla. Aftur á móti skorti A með öllu sjálfsgagnrýni og hún hafi lítið sem ekkert innsæi í eigin vandkvæði. Þá sé þanþol hennar lítið og hún bregðist ókvæða við þegar staðreyndir um erfiðleika hennar séu lagðar fyrir hana. Þessir þættir í fari A hafa einnig komið glögglega fram við vinnslu málsins. Hún virðist ekki gera sér neina grein fyrir vanda sínum og hefur takmarkaðan skilning á afskiptum Barnaverndarnefndar um hagi hennar. Þá hefur stuðningur í formi leiðbeininga ekki skilað tilætluðum árangri og á A til að taka illa slíkri íhlutun. Þess er því ekki að vænta að aðstoð við A verði komið við þannig að hún geti veitt barni sínu viðunandi uppeldisaðstæður, en jafnframt verður að líta til þess, að hún nýtur ekki teljandi stuðnings skyldmenna. Þótt A gæti annast ytri þarfir barnsins þykir hún með öllu ófær um að veita annað atlæti, svo sem örvun, leiðbeiningar og festu í uppeldi. Þá verður einnig að taka mið af því að móðir hefur átt við vímuefnavanda að etja, þótt hún hafi ekki um nokkra hríð verið í neyslu.

B hefur nú dvalið á vistheimili barna og í íbúð heimilisins með móður frá 4. september 1996. Þar hefur hann tekið stöðugum framförum í þroska og verður ekki séð að drengurinn hafi hlotið skaða af atlæti sínu hjá móður. Á hinn bóginn verður að telja fullvíst að heilsu hans og þroska sé hætta búin í umsjá hennar, einkum þegar hann verður stærri og þarfnast þeirra þátta í uppeldi sínu, sem móðir er með öllu ófær um að veita honum, eins og þegar hefur verið rakið. Þykir því nauðsynlegt með tilliti til hagsmuna barnsins að því verði tryggðar öruggar aðstæður hjá öðrum, svo að það geti náð að dafna og þroskast.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir nauðsynlegt að svipta A forsjá sonar síns, á grundvelli a- og d-liðar 1. mgr. 25. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna, enda þykja önnur og vægari úrræði fullreynd án árangurs, sbr. 2. mgr. 25. gr. sömu laga.“

Í niðurstöðukafla fyrrnefnds úrskurðar Barnaverndarráðs Íslands 29. apríl 1997, en með honum var framangreindur úrskurður barnaverndarnefndar staðfestur, eru helstu atvik málsins frá 21. ágúst 1996 rakin. Þá er vísað til tveggja greinargerða starfsmanna vistheimilis þess, sem B fór til dvalar á hinn 4. september 1996, og efni þeirra rakið. Síðan segir svo í úrskurðinum:

„Að mati sérfræðinganna Ólafs Ó. Guðmundssonar geðlæknis og Margrétar Bárðardóttur sálfræðings á A vegna vanheilsu sinnar í verulegum erfiðleikum með að annast uppeldi drengsins nema til komi verulegur og stöðugur stuðningur allt uppeldistímabilið. Sama niðurstaða kom fram hjá Jóni G. Stefánssyni geðlækni á fundi Barnaverndarráðs þann 19. mars 1997. Þar við bætist að

samkvæmt niðurstöðum úr rannsóknar- og kennsluvistun á A í verulegum erfiðleikum með að taka tilsögn. Varðandi vanheilsu hennar vísast til skýrslna þeirra Ólafs og Margrétar, en niðurstöður þeirra eru raktar í hinum kærða úrskurði. Með vísan til þessa þykir liggja ljóst fyrir að telja megi fullvíst að líkamlegri og andlegri heilsu drengsins og þroska sé veruleg hættu búin vegna augljósrar vanhæfni móður til að fara með forsjá hans. Þykir fullreynt að ekki verði unnt að beita öðrum aðgerðum til úrbóta samkvæmt 21. og 24. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992. Ber því samkvæmt d-lið 1. mgr. 25. gr. s.l. að staðfesta hinn kærða úrskurð.“

Aðalkrafa stefnanda í máli þessu er í fyrsta lagi á því byggð, að ákvörðun barnaverndaryfirvalda um að svipta hana forsjá sonar síns B hafi verið ólögmat, þar sem skilyrði 25. gr. barnaverndarlaga fyrir slíkri ráðstöfun hafi ekki verið fyrir hendi. Hafi stefndu ekki fært fram viðhlítandi gögn og röksemdir fyrir þessari ákvörðun, sem varði stórfellda hagsmuni stefnanda, en sönnunarbyrðin fyrir því að skilyrðum tilvitnaðs lagaákvæðis hafi verið fullnægt hvíli á þeim. Þannig mótmælir stefnandi skýrslum Margrétar Bárðardóttur sálfræðings og Ólafs Ó. Guðmundssonar geðlæknis, sem við var stuðst við úrlausn málsins, sem óvönduðum og röngum. Andstætt því sem þar komi fram hafi stefnandi verið fullfær um að fara með forsjá sonar síns. Bendir hún því til stuðnings til álitsgerða frá Jóni G. Stefánssyni geðlækni, sem lagðar hafa verið fram í málinu. Framlögð gögn frá þeim Hólmi Friði Jakobsdóttur, sem hafði tilsjón með stefnanda og syni hennar samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar, og Guðrúnu Eygló Guðmundsdóttur hjúkrunarfræðingi, ásamt vitnisburði þeirra fyrir dómi, styðji þá fullyrðingu stefnanda að hún hafi verið fullfær um að hafa forsjá sonar síns með höndum.

Í stefnu er því haldið fram, að hinn 21. ágúst 1996 hafi farið í gang mjög óheppileg atburðarás, sem stefnandi hafi ekki haft stjórn á, en hún hafi leitt til þess að sonur hennar hafi verið tekinn af henni.

Þá er aðalkrafa stefnanda í annan stað á því byggð, að með ákvörðun um forsjárviptingu hafi barnaverndaryfirvöld brotið gegn meðalhöfsreglu 2. mgr. 25. gr. barnaverndarlaga og 12. gr. stjórnsýslulaga. Þannig hafi verið gripið til forsjárviptingar í stað þess að huga að öðrum vægari ráðstöfunum, sbr. 21. og 24. gr. barnaverndarlaga. Ekki liggi fyrir að nægilega hafi verið reynt að beita þeim stuðningsúrræðum, sem barnaverndarlög kveði á um, og slíkar aðgerðir hafi alls ekki verið fullreyndar í tilviki stefnanda, sbr. ennfremur 17. gr. laganna. Hafi það að mati stefnanda átt að vera markmið barnaverndarnefndar að sameina stefnanda og son hennar að nýju. Það sjónarmið hafi ekki verið haft að leiðarljósi í málinu og barnaverndaryfirvöld því brugðist skyldum sínum.

Í þriðja lagi er aðalkrafa stefnanda studd þeim rökum, að annmarkar hafi verið á meðferð máls hennar fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sérstaklega á ljósi

þeirra miklu hagsmuna sem hér eru í húfi. Þannig hafi nefndin ekki gætt rannsóknarskyldu sinnar samkvæmt V. kafla laga nr. 58/1992, sérstaklega 43. gr. laganna. Gera verði þá kröfu að ákvörðun um forsjársviptingu styðjist við ítarlega og vandaða rannsókn, sbr. ennfreður að þessu leyti 10. gr. stjórnsýslulaga. Henni sé ekki fyrir að fara í þessu máli. Telur stefnandi að ýmsar fullyrðingar í gögnum málsins, sem settar hafa verið fram af barnaverndarnefnd og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, séu rangar og ósannaðar. Er í því sambandi vísað til fullyrðinga um ölvun stefnanda, misnotkun hennar á lyfjum, geðveiki og sóðaskap. Þá sé það rangt, að B hafi verið svangur og illa hurtur þegar afskipti barnaverndarnefndar komu til hinn 21. ágúst 1996. Loks hafi við úrlausn málsins verið byggt á frásögnum nágranna stefnanda, en ekkert mat hafi verið lagt á hæfni þeirra til að meta aðstæður. Auk framangreinds heldur stefnandi því fram, að barnaverndarnefnd hafi ekki gætt leiðbeiningarskyldu gagnvart stefnanda við meðferð málsins og með því brotið gegn 46. gr. barnaverndarlaga.

Í fjórða lagi byggir stefnandi aðalkröfu sína í málinu á því, að þeir úrskurðir barnaverndaryfirvalda um forsjársviptingu, sem hér eru til umfjöllunar, brjóti í bága við 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 18/1992.

Að því er varakröfu varðar telur stefnandi að engin rök hafi verið færð fyrir því að ganga svo langt sem raun ber vitni í takmörkun á umgengnisrétti hennar við son sinn og hans við hana. Engin lagaákvæði styðji þá gríðarlegu skerðingu á umgengnisrétti sem stefnanda hefur verið gert að sæta með fyrirbyggjandi úrskurðum barnaverndaryfirvalda. Feli úrskurðir þessir í sér brot á 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, einkum 3. mgr. 9. gr. hans, og d-lið 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 33. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna. Þá séu þeir ennfreður í andstöðu við 2. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 37. gr. barnalaga nr. 20/1992. Hið sama eigi að þessu leytinu við um takmarkanir sem gerðar hafa verið á öðrum samskiptum stefnanda við son sinn og lúta að símhringingum og bréfaskriftum. Þá sé sú ráðstöfun, að vista son hennar svo fjarri heimili hennar sem raun ber vitni, ólögmat hvað sem öðru líður.

Í greinargerð sinni vísa stefndu í upphafi til þess, að heimilt sé samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna að beita forsjársviptingu að tilteknum skilyrðum uppfylltum og svo sem nánar greinir þar. Þannig sé mælt fyrir um að heimilt sé að beita forsjársviptingu samkvæmt a-lið ákvæðisins ef uppeldi, daglegri umönnun eða samskiptum foreldra við barn sé stórlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska og samkvæmt d-lið ef telja megi fullvíst að líkamlegri og andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin sökum þess að foreldrar séu augljóslega vanhæfir til að fara með

forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, alvarlegrar geðveilu, mikils greindarskorts eða að hegðun foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða. Gögn málsins beri það skýrlega með sér að lögmælt skilyrði forsjársviptingar samkvæmt a- og d-lið 1. mgr. 25. gr. barnaverndarlaga hafi verið uppfyllt í því tilviki sem hér um ræðir. Í gögnunum komi fram að samskiptum stefnanda við barn sitt hafi verið alvarlega ábótavant. Stefnandi sé 75% öryrki af geðrænum ástæðum, hún sé einnig á mörkum þess að vera talin þroskaheft auk þess sem hún hafi átt við áfengis- og lyfjaneysluvanda að stríða um árabil. Þrátt fyrir vistun á sjö meðferðarstofnunum fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga hafi stefnandi ekki náð tökum á neysluvanda sínum.

Pá vísa stefndu til greinargerða starfsmanna vistheimilis barna að Hraunbergi í Reykjavík, en þar dvaldi B frá 4. september 1996 til 28. júní 1997. Stefnandi dvaldi þar ennfremur um tíma. Sé því lýst í greinargerðum þessum að stefnandi hafi haft lítið innsæi í þroska og þarfir B. Hún hafi sýnt lítið frumkvæði í samskiptum við drenginn og að þau hafi fremur öðru miðast við hennar eigin þarfir. Pá sé því einnig lýst að stefnandi hafi gert óraunhæfar kröfur til drengsins og ekki veitt honum rétta hvatningu og örvun og oft átt erfitt með að setja honum mörk.

Þessu næst vísa stefndu í sálfræðiathugun Margrétar Bárðardóttur sálfræðings og skýrslu Ólafs Ó. Guðmundssonar geðlæknis um geðrannsókn, sem hann framkvæmdi á stefnanda. Telja stefndu að í skýrslu Margrétar sé ljóslega sýnt fram á fjölþætta persónulega annmarka á hæfni stefnanda sem foreldris og uppálanda. Þannig komi fram í niðurstöðu rannsóknar sálfræðingsins, að greindarfarslega sé stefnandi á mörkum þess að vera þroskaheft með heildargreindarvísitölu 72, auk þess sem rökhugsun hennar sé verulega skert, svo og dómgreind, skipulags- og ályktunarhæfni. Í samtali haldi hún illa þræði og fari út um víðan völl. Hún sé ennfremur mjög ógagnrýnin á sjálfa sig og hafi lítið sem ekkert innsæi í eigin vandkvæði. Hún hafi lítið þanþol og bregðist ókvæða við þegar staðreyndir um erfiðleika hennar eru lagðar fyrir hana. Bjargráð séu því ekki mikil. Vegna þessa og greindarskerðingarinnar sé stefnanda nánast ókleift að hafa yfirsýn yfir flóknari aðstæður og bregðast við álagi á yfirvegaðan máta. Líklegt sé að stefnandi ráði ekki vel við auknar kröfur um hnitmiðað uppleði þegar fram í sæki, svo sem að veita barninu nægilega örvun og hvatningu, veita því leiðbeiningar og setja því mörk eða taka þátt í skipulegum umræðum við það. Í skýrslu Ólafs Ó. Guðmundssonar geðlæknis komi meðal annars fram, að andlegur vanþroski hafi verið stefnanda fjötur um fót allt frá barnaskólaaldri, bæði námslega og ekki síður félagslega. Persónuleiki stefnanda sé óþroskaður og frumstæðir varnarhættir, afneitun og frávarp séu áberandi. Sé andlegt atgervi stefnanda með þeim hætti að ekki sé hægt að búast við því að hún geti alið upp barn nema til komi verulegur stuðningur allt uppleðistímabilið. Þar á ofan bætist

vandamál stefnanda tengd óstöðugri félagsstöðu og vímuefnanotkun, þar sem stöðugt þurfi að vera á verði sökum skorts stefnanda á innsæi í vanda sinn.

Að mati stefnda, barnaverndarnefndar Reykjavíkur, hafi stefnandi ekki virst gera sér grein fyrir vanda sínum og stuðningur í formi leiðbeininga hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Hafi stefnandi átt það til að taka slíkri íhlutun illa. Þess hafi því ekki verið að vænta að aðstoð við stefnanda yrði komið við þannig að hún gæti veitt barni sínu viðunandi uppeldisaðstæður. Jafnframt hafi barnaverndarnefnd litið til þess, að stefnandi hafi ekki notið teljandi stuðnings skyldmenna. Hafi stefnandi að mati nefndarinnar getað annast ytri þarfir barnsins, en með öllu verið ófær um að veita því annað atlæti, svo sem örvun, leiðbeiningar og festu í uppeldi. Hafi nefndin metið aðstæður svo að heilsu barnsins og þroska væri hætta búin í umsjá stefnanda, einkum þegar það yrði stærra og þarfnadist þeirra þátta í uppeldi sínu sem stefnandi væri með öllu ófær um að veita því. Hafi barnaverndarnefnd því þótt nauðsynlegt með tilliti til hagsmuna barnsins að tryggja því öruggar aðstæður hjá öðrum svo það gæti náð að dafna og þroskast. Bryn nauðsyn hafi samkvæmt þessu staðið til þess að svipta stefnanda forsjá barnsins og skilyrði a- og d-liðar 1. mgr. 25. gr. barnaverndarlaga fyrir slíkri ráðstöfun hafi verið fyrir hendi.

Stefndu mótmæla því sérstaklega að ákvæðum 43. gr. barnaverndarlaga og 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 hafi ekki verið fullnægt við meðferð málsins hjá nefndinni. Gögn málsins beri það með sér að forsjársviptingin hafi haft nokkurn aðdraganda. Stefnandi hafi verið undir eftirliti barnaverndarnefndar um langan tíma og málefni hennar og barnsins oft komið til umfjöllunar á fundum nefndarinnar. Eftir bráðabirgðaákvörðun formanns nefndarinnar og kyrrsetningu barnsins þann 22. ágúst 1996 hafi barninu fyrst verið komið til dvalar hjá móðurömmu þess en síðan á vistheimili barna í Hraunbergi í Reykjavík. Á þeim tíma hafi stefnandi haft umgengnisrétt við barnið og að auki hafi hún dvalið sjálf um nokkurt skeið á vistheimilinu í rannsóknar- og kennsluvistun. Þessi tími hafi leitt í ljós að stefnandi væri ófær um að veita syni sínum viðunandi uppeldis-skilyrði. Ákvörðun um forsjársviptingu hafi síðan verið tekin af barnaverndarnefnd 21. janúar 1997, eða eftir fimm mánaða rannsókn málsins. Þá hafi stefnandi notið aðstoðar lögmanns allan þann tíma sem mál hennar var til meðferðar hjá barnaverndarnefnd. Leiðbeiningarskyldu 46. gr. laga um vernd barna og ungmenna hafi því verið gætt í hvívetna.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, barnaverndarnefndar, að eftir ítarlega umfjöllun og rannsókn og með hliðsjón af 2. mgr. 25. gr. barnaverndarlaga og 12. gr. stjórnarsýslulaga hafi það verið mat nefndarinnar, að vægari úrræði en forsjársvipting kæmu ekki að gagni, einkum og sér í lagi þegar litið væri til hagsmuna barnsins. Vísa stefndu til þess í þessu sambandi, að rannsóknar- og kennsluvistun stefnanda hafi leitt það í ljós, að hún væri ekki í stakk búin til að

veita barninu þau uppeldisskilyrði sem það eigi rétt á. Þá geti hún ekki örvað barnið til eðlilegs þroska þegar til lengri tíma er litið og það jafnvel þótt öll stuðningsúrræði yrðu nýtt.

Vissulega séu það mannréttinda foreldra að fá að ala upp börn sín, en forsjárréttur þeirra takmarkist af þeim mannréttindum barna að njóta forvaranlegra uppeldisskilyrða. Þegar hagsmunir foreldris og barns vegast á vegi hagsmunir barnsins þyngra á vogarskálunum. Þessi regla sé grundvallarregla í íslenskum rétti, en hún komi einnig fram í þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland er aðili að. Hinu opinbera sé og skylt að veita börnum vernd, svo sem mælt sé fyrir um í stjórnarskránni, barnaverndarlögum og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 18/1994. Regla þessi eigi sér einnig stoð í 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðasamningi um borgaraleg réttindi sem Ísland er aðili að.

Að teknu tilliti til alls framanritaðs er það aðalkrafa stefndu að hafna beri öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Að því er varakröfu stefnanda varðar er í greinargerð stefndu vísað til þess, að það sé meginregla samkvæmt íslenskum rétti og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, að barn eigi rétt á umgengni við kynforeldra sína, hafi því verið komið í fóstur. Jafnframt hvíli sú skylda á kynforeldrum að rækja umgengni við barn sitt. Við ákvörðun um umgengni verði fyrst og fremst að líta til hagsmuna barnsins. Það hafi barnaverndarnefnd og Barnaverndarráð gert í því tilviki sem hér um ræðir. B hafi aðeins verið tveggja og hálfis árs gamall þegar honum var komið í fóstur. Fram að þeim tíma hafi hann lengst af búið við afleitar aðstæður hjá stefnanda og síðan á vistheimili, en dvöl þar sé ekki hugsuð sem varanleg ráðstöfun. Ákvörðun um forsjáarsviptingu og síðar varanlegt fóstur hafi verið tekin með framtíðarhagsmunum barnsins í huga. Fósturaðlögun og varanlegt fóstur reyni mjög á þau tilfinningabönd sem myndist milli barns og fósturforeldra. Barnið fari að líta á fósturforeldrana sem sína eigin foreldra og læri að lifa við nýjar aðstæður. Með hagsmunum barnsins í huga verði að gæta þess að sem minnst truflun verði á þessum nýju aðstæðum og að barnið geti treyst því að högum þess verði ekki raskað. Í því tilviki sem hér um ræðir beri einnig að gæta þess, að B er ungur að árum. Mikil umgengni barns við kynforeldri sé hér til þess fallin að raska öryggi barnsins gagnvart heimilisaðstæðum þess og valda því tilfinningalegu uppnámi. Hins vegar sé réttur barnsins til að þekkja uppruna sinn virtur og takmörkuð samskipti þess við kynmóður sína því heimiluð. Að öllu þessu athuguðu eigi að sýkna stefndu af varakröfu stefnanda.

Fjölmörg skjöl hafa verið lögð fram í málinu. Ber þar fyrst að nefna úrskurði barnaverndaryfirvalda í máli stefnanda og sonar hennar og greinargerðir starfsmanna barnaverndarnefndar, sem lagðar voru fyrir hana í hvert sinn sem málið kom þar til meðferðar. Þá ber að geta sérfræðialita, sem aflað hefur verið

um stefnanda, andlegt ástand hennar og hagi. Hefur í því sambandi þegar verið getið um skýrslur þeirra Margrétar Bárðardóttur sálfræðings og Ólafs Ó. Guðmundssonar geðlæknis, en að auki hafa verið lögð fram bréf frá Jóni G. Stefánssyni geðlækni, sem hefur haft stefnanda til meðferðar allt frá árinu 1989. Loks skuli hér nefnd tvö skjöl, annars vegar greinargerð Hólmfríðar Jakobsdóttur, sem hafði tilsjón með stefnanda og syni hennar á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar frá 9. maí 1995 til 21. ágúst 1996, og bréf Guðrúnar Eyglóar Guðmundsdóttur hjúkrunarfræðings á heilsugæslustöðinni í efra Breiðholti í Reykjavík, dags. 31. október 1996.

Í greinargerð Kolbrúnar Ögmundsdóttur félagsráðgjafa, sem lögð var fram á fundi barnaverndarnefndar 4. apríl 1995, segir meðal annars: „A hefur gengið vel að annast son sinn undanfarna 3 mánuði og hefur tekið hlutverk sitt alvarlega. Móðir hennar hefur stutt hana vel og komið til hennar að meðaltali annan hvern dag. ... Ungbarnaeftirlit hefur verið tvisvar í viku. Að sögn hjúkrunarfræðings ungbarnaeftirlitsins hefur drengurinn dafnað vel, er alltaf hreinn og þyngist vel. Þá virðist sem ágætis samband hafi náðst milli A og hjúkrunarfræðingsins. A hefur gjarnan hringt í hana þegar hún hefur þurft á aðstoð eða leiðbeiningu að halda. ... Nú þegar drengurinn hefur náð þriggja mánaða aldri verður ekki hægt að hafa ungbarnaeftirlitið jafn þétt og áður. Starfsmaður leggur því til, eftir að hafa rætt við A, að tilsjónarmaður komi inn í málið, henni til stuðnings.“ Mál stefnanda var næst tekið fyrir á fundi barnaverndarnefndar 15. ágúst 1995. Í greinargerð Kolbrúnar Ögmundsdóttur, sem þá var lögð fram, segir meðal annars svo: „Frá því málið [kom] fyrir síðast hefur A verið í ágætu samstarfi. Hún fer reglulega í viðtöl til sálfræðings síns og hefur ekki verið í neinni neyslu. Hún leggur sig fram við að sinna syni sínum, og fer samviskusamlega með hann í ungbarnaeftirlitið. Samkvæmt upplýsingum þaðan dafnar hann vel. A hefur verið með tilsjónarmann frá því í byrjun maí, hún hefur tekið honum vel og verið fús til að fara eftir leiðbeiningum hans.“ Þá segir í niðurlagi greinargerðarinnar að stefnandi hafi nýtt sér vel þann stuðning sem henni hafi verið boðið upp á.

Í framangreindu bréfi Guðrúnar Eyglóar Guðmundsdóttur hjúkrunarfræðings, en hún annast ungbarnaeftirlit á heilsugæslustöðinni í efra Breiðholti, kemur fram, að hún hafi komið á heimili stefnanda tvisvar til þrisvar sinnum í viku fyrstu þrjá mánuðina eftir að stefnandi kom heim með B. Drengurinn hafi ávallt verið vel haldinn, hreinn og þrifalegur og þyngst og dafnað eðlilega. Heimilið hafi verið þrifalegt á þessum tíma. Þá segir í bréfinu að stefnandi hafi mætt reglulega með B í ungbarnaeftirlit. Í niðurlagi bréfs síns segir Guðrún Eygló það vera mat sitt, að stefnandi búi í erfiðu félagslegu umhverfi með tilliti til búsetu, sem áskilegt væri að bæta úr.

Í ódagsettri greinargerð Hólmfríðar Jakobsdóttur, sem hún ritaði til barnaverndaryfirvalda í kjölfar þess að B var tekinn af heimilinu, segir svo meðal

annars: „A hefur hugsað vel um drenginn, gefið honum vel að borða, t.d. mikinn fisk, haft reglu á svefntíma hjá honum, látið hann alltaf sofa úti á svölum nema ef hann hefur verið kvefaður og farið mikið með hann út í kerrunni. Enda dafnar hann vel og er hraustur. Hún passar upp á að honum verði ekki kalt úti sem inni, hún þrífur hann vel... Drengurinn er kátur og glaður og syngur sem sýnir að hann er ekki vansæll. A setur honum mörk því hann er eins og óvitar eru... .. Ég hef auðvitað fylgst með þessu dóti sem hún hefur komið með, margt vel nýtilegt og hún hefur haft nóg að gera við að þrífa þetta upp, lagfæra og pússa og bera á. ... Hún hefur verið bundin yfir barninu í [eitt og hálft] ár og mörgum hefur reynst það erfitt að komast aldrei neitt, bara bíða eftir því að barnið stækki og tíminn líði. ... Síðan með þennan mann sem á að hafa búið hjá henni sl. mánuð, ég ætla að tjá mig um það því það er höggvið nærri mér líka, það hefur enginn búið hjá henni... Ég hef komið þarna vikulega ýmist um tvöleytið eða seinnipart, oft mundi hún ekki á hvorum tímanum ég kæmi, og það er skrítið að ég skuli aldrei hafa séð neitt sem var öðruvísi en áður eða sem benti til þess að einhver byggi þarna með henni.“

Í vitnisburði Hólmfríðar Jakobsdóttur fyrir dómi var efnislegt inntak lýsingar hennar á aðstæðum stefnanda og sonar hennar mjög á sama veg og greinir hér að framan.

Skýrsla Margrétar Bárðardóttur sálfræðings er ódagsett. Í inngangi hennar kemur þó fram, að hún sé byggð á prófum sem lögð hafi verið fyrir stefnanda og viðtölum við hana frá 24. september til 14. október 1996. Í niðurstöðukafla skýrslunnar, sem ber yfirskriftina Samantekt og álit, segir svo:

„Hér er um 45 ára gamla konu að ræða sem gengst undir sálfræðilega athugun í tengslum við geðrannsókn að undirlagi barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Greindarfarslega er hún á mörkum þess að vera þroskaheft með heildargreindarvísitölu 72. Það er einkum gott skammtímaminni og sæmileg verkleg færni á sumum sviðum sem dregur hana upp í heildargreindarvísitölu. Rök-hugsun er verulega skert svo og dómgreind, skipulags- og ályktunarhæfni. Hún heldur illa þræði í samtali og fer um víðan völl. A er mjög ógagnrýnin á sjálfa sig og hefur lítið sem ekkert innsæi í eigin vandkvæði, a.m.k. kemur það ekki fram í þessari athugun.

Þanþol virðist mjög lítið og hún bregst ókvæða við þegar staðreyndir um erfiðleika hennar eru lagðar fyrir hana. Þjargráð eru því ekki mikil. Vegna þessa og greindarskerðingar er henni nánast ókleift að hafa yfirsýn yfir flóknari aðstæður og bregðast við álagi á yfirvegaðan máta. Líklegt er að hún ráði ekki vel við auknar kröfur um hnitmiðað uppeldi þegar fram í sækir, s.s. að veita barninu nægilega örvun og hvatningu, veita leiðbeiningar og setja því mörk eða taka þátt í skipulegum samræðum við barnið.

A á þó til að sýna hlýlegt viðmót og einlægni og húmorinn er stundum ekki langt

undan. Hún getur einnig verið næm á tilfinningar annarra. Hins vegar verður í ljósi ofangreindra atriða að teljast verulega vafasamt hvort hún sé fær um að búa barni þau þroskavænlegu skilyrði sem það þarf til að þroskast eðlilega.“

Í skýrslu Ólafs Ó. Guðmundssonar geðlæknis, sem er dagsett 17. október 1996, kemur fram, að hún sé byggð á gögnum sem fylgt hafi beiðni Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar um geðrannsókn á stefnanda, fjórum viðtölum við stefnanda frá 16. september til 14. október 1996, símaviðtali við móðursystur stefnanda og framangreindu sálfræðimati Margrétar Bárðardóttur. Í skýrslunni segir svo:

„Ekki fæst annað fram en að A hafi verið líkamlega heilsuhraust. Hún kveðst þó hafa verið haldin vöðvabólgu í herðum þegar hún vann sem mest. Hún er hins vegar metin 75% öryrki af geðrænum ástæðum síðan 1992. Í bréfi Jóns G. Stefánssonar geðlæknis dags. 14.1.1995 til Barnaverndarnefndar Reykjavíkur kemur fram að A leitaði sér hjálpar fyrst hjá honum vegna þunglyndis og kvíða árið 1989 og að hún hafi „misnotað áfengi og líklega önnur efni, töluvert, um langt árabil“ en að síðan 1992 hafi misnotkun „áfengis eða efna ekki verið vandamál“.

Upplýsingar sem A gefur sjálf um eigin áfengismisnotkun eru eftirfarandi: Byrjaði að „fíkta við að drekka“ við 16 ára aldur. Fór fyrst í meðferð að Silungapólli við ca. 25 ára aldur. Tímasetningar síðari meðferða eru mjög á reiki en svo virðist sem síðasta meðferð hafi verið á Vífilstöðum kringum 1990 en í framhaldi af því bjó A í Dyngjunni í 8 mánuði. Þess á milli fóru meðferðir fram í Hlaðgerðarkoti og Prepinu, Vogu og á Gunnarsholti var dvölin um eitt ár að eigin sögn.

A segir að áfengisneysla sín hafi „ekki verið vandamál“ þar sem það hefur „aldrei náð tökum á mér“. Segist hún jafnan hafa litla lyst á áfengi daginn eftir og ekki t.d. neyta þess fyrir hádegi en að hún hafi notað áfengi „til að deyfa tilfinningar niður“ og að hún „drekki í kvöl“. Að slíkt sé skiljanlegt þar sem líf sitt hafi verið „harmasaga“.

[...] Foreldrar [A] skildu þegar hún var um 10 ára gömul. Fram kemur að móðir hennar hefur að jafnaði ekki verið langt undan í fjölmörgum erfiðleika-tímabilum í lífi A, nokkuð sem nú er lýst sem afskiptasemi fremur en stuðningi af A. Jafnframt virðist hún að einhverju leyti kenna móður sinni um að B hafi verið vistaður nú og er reið út í hana og vill t.a.m. ekki að undirritaður ræði við G vegna skýrslu þessarar. Í framhaldi af þessu lýsir A móður sinni sem tilfinningakaldri og neikvæðri og að hennar vegna hafi hún, í æsku, átt öll jól „í myrkri“. Pabbi sinn hafi „unnið myrkranna á milli“ og verið „gjafmildur“. Ekki fæst fram saga um geðsjúkdóma í nánustu skyldmennum A nema hvað einn bróðir hennar hafi átt við áfengisvandamál að stríða um tíma. Tvær frænkur munu hafa fyrirfarið sér fyrir áratugum að sögn A.

A [byrjaði í barnaskóla] 7 ára en átti í miklum erfiðleikum með námið, sérstaklega reikning og stærðfræði (svo). Hún minnst þess að hún stamaði við skólabyrjun, kveið ofboðslega og „gat ekki hugsað“. Var hún send í einhvers konar sálfræðimat af þessum ástæðum. 11 ára var hún send í sjúkraleikfimi vegna hryggskekkju. 13 ára fór hún í Gagnfræðaskóla [...] og gekk heldur betur þar sem hún naut sérkennslu. Hætti án prófs 14 ára og hefur síðan unnið á fjölmörgum stöðum, t.d. við afgreiðslu og aðhlyningu. [...]

A hóf sambúð 17 ára gömul og eignaðist eldri son sinn, X [1972]. Hann er í dag trúlofaður og hefur atvinnu [...]. Hann hefur oft skipt um störf og hafið nám en ekki verið um óreglu að ræða. X var um 11 ára gamall þegar foreldrarnir slitu sambúð en föðurnum er lýst af A sem ofbeldissinnuðum og „geðklofa“ en ekki óreglusömum. X hefur oft dvalið um lengri eða skemmri tíma f.o.fr. hjá föðurömmu sinni en einnig móðurömmu þegar A hefur ekki getað sinnt honum vegna ástands og/eða aðstæðna, samkvæmt móðursystur.

A var um árabíl í sambúð með [...] nokkrum en sá mun eiga við alvarlega áfengissýki að stríða og fór m.a. með A í meðferð á Gunnarsholti. Þeirri sambúð lauk fyrir nokkrum árum. Fleiri sambylismenn hafa komið við sögu og samkvæmt lýsingu A hafa þeir ýmist átt við áfengis- og/eða fíkniefnamisnotkun eða verið geðtruflaðir á annan hátt, þ.m.t. ofbeldissinnaðir. Líffaðir B eigi einnig í verulegum geðrænum erfiðleikum.“

Í niðurstöðukafla segir svo í skýrslu geðlæknisins:

„Samkvæmt fyrirbyggjandi skriflegum gögnum og meðferðarsögu er ljóst að vímuefnavandamál, sem endurtekið hefur leitt til upplausnar á félagslegum aðstæðum hefur verið til staðar undanfarin 20 ár. Svo virðist þó sem verulega hafi dregið úr misnotkun síðan yngri sonurinn fæddist. Síðasta staðfesta drykkjan á sér stað 4.9.96 þegar X sonur A hefur samband við bráðaþjónustu geðdeildar Lsp. og lýsir áhyggjum vegna mikillar drykkju og rugls á móður hans. Lýsingar A sjálfrar á umfangi eigin drykkju verða að teljast ótrúverðugar þar sem þær stangast verulega á við fyrirbyggjandi gögn auk þess sem afneitun er afar ráðandi varnarháttur í persónuleika hennar.

Geðtruflun í formi þunglyndis og kvíða var til staðar um árabíl en geðslag er ekki klínískt marktækt lækkað nú en órói og ótti sem tengist núverandi aðstæðum er áberandi.

Andlegur vanþroski hefur verið A fjötur um fót allt frá barnaskólaaldri, bæði námslega og ekki síður félagslega. Greindarstig er á mörkum þroskahömlunar og tornæmis. Rökhugsun og ályktunarhæfni er verulega ábótavant. Persónuleikinn er óþroskaður og frumstæðir varnarhættir, s.s. afneitun og frávarp, eru áberandi. Hæfni til myndunar tilfinningatengsla er hins vegar til staðar.

Samanlagt hafa þessi atriði leitt til þess að A hefur ekki getað stundað vinnu og séð fyrir sjálfri sér og er metin 75% öryrki.“

Skýrslu sinni lýkur Ólafur Ó. Guðmundsson með svohljóðandi ályktun:

„Andlegt atgervi A er með þeim hætti að ekki er hægt að búast við að hún geti alið upp barn nema að til komi verulegur stöðugur stuðningur allt uppeldistímabilið. Þar við bætast vandamál tengd óstöðugri félagsstöðu og vímuefnamisnotkun þar sem stöðugt þarf að vera á verði vegna skorts á innsæi. Á móti kemur þökkalegt innsæi á tilfinningar annarra og hæfni til myndunar tilfinningatengsla en afneitun og frávarp endurspeglar verulega skorta hæfni til sjálfs gagnrýni og þess að átta sig á eigin tilfinningum.

Ef ekki er hægt að veita A það stöðuga aðhald og stuðning sem þarf eigi hún að vera fær um að takast á við uppeldi drengsins á þroskavænlegan hátt er mælt með að uppeldi hans verði látið í hendur annarra sem betur eru færir um að veita barninu þau þroskaskilyrði sem eru því [naðsynleg]. Æskilegt væri að A gæti fengið að viðhalda því sterka tilfinningasambandi sem hún hefur við drenginn með þeim hætti að báðum yrði til hagsbóta.“

Í málinu hafa verið lögð fram nokkur bréf, sem Jón G. Stefánsson geðlæknir hefur ritað vegna stefnanda. Í bréfi hans til barnaverndarnefndar 4. janúar 1995 segir meðal annars:

„Í bréfi frá 21. 12. 1994 er óskað eftir upplýsingum um heilsufar A, kt. [...], F, Reykjavík, mati á getu hennar vegna heilsufars, til að ala upp barn og hvers konar stuðning hún muni geta nýtt sér.

Ég þekki A frá árinu 1989 er hún leitaði fyrst til mín vegna þunglyndis og kvíða. Í sögu hennar kom fram að hún hafði misnotað áfengi og líklega önnur efni, töluvert, um langt árabíl og oft verið á ýmsum meðferðarstofnunum vegna þess. Hún var þá í sambúð með manni sem var í mikilli misnotkun og varla von til þess að hún kæmist út úr því fari sem hún var í við þessar aðstæður. Síðan árið 1992 hefur hún verið í nokkuð reglulegu sambandi við mig, en þá varð hún óvinnufær og hefur verið öryrki síðan. Um þetta leyti lauk sambúð hennar við nefndan mann og álít ég þetta tvennt, örorkustyrkurinn og reglusamara umhverfi, hafi orðið til að líf hennar fékk meiri stöðugleika. Síðan hefur misnotkun, áfengis eða efna, ekki verið vandamál. Jafnframt varð mögulegt að nota lyf til að draga úr þunglyndi og kvíða hennar. Verður að segja að síðan hafi gengið bærilega og að heilsa hennar sé mun betri en áður var, þótt ég geri ekki ráð fyrir að hún verði fær um að vinna fyrir sér með almennri launavinnu.

A er ómenntuð og hefur lent í ýmsu misjöfnu á lífsleiðinni en hefur þó mikinn vilja til að standa sig sem best. Hún er viðkvæm en velviljuð og umhyggjusöm. Hún hefur oft rætt við mig um eldri son sinn, sem nú er fullorðinn. Hún ber til hans mikla væntumþykju og hefur verið honum til stuðnings eftir megni. Ég er þess fullviss að hún mun gera allt til að reynast nýfæddum syni sínum góð móðir og ég álít að hún sé fær um að annast hann.

Stuðningur Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar er mjög þýðingarmikill

til að stuðla að sem bestri framvindu. A á auðveldast með að þiggja hinn efna-hagslega stuðning. Beinan stuðning við umhyggju barns og eftirlit með fram-gangi mála, reglusemi hennar og hvernig barnið dafnar, er henni áreiðanlega erfiðara að þiggja. Þar þarf að taka tillit til viðkvæmni hennar og framkvæma hvorttveggja af lipurð, hlýhug og með þolinmæði. Af kynnum mínum af hæfileikaríku starfsfólki Félagsmálastofnunar þykist ég vita að það muni ganga vel þótt það verði ef til vill ekki snurðulaust.“

Þá skulu hér rakin tvö bréf, sem Jón ritaði 22. október 1996 og 19. febrúar 1997 til þáverandi lögmanns stefnanda. Í fyrra bréfinu segir svo:

„Að beiðni A, kt. [...], F, Reykjavík, staðfestist að hún hefur verið í læknismeðferð hjá undirrituðum frá 1989. Síðan hún eignaðist son í janúar 1995 hefur hún komið nokkuð reglulega á um 4 vikna fresti. Árið 1995 átti hún 10 pantaða tíma og kom í 7 þeirra. Árið 1996 hefur hún til þessa átt 12 pantaða tíma og komið í 10 þeirra. Aldrei hef ég getað merkt að hún væri undir áhrifum áfengis eða annarra fíkniefna. Í heild hefur geðheilsa hennar verið betri en áður þessi 2 ár þar til nú í haust eftir að barnið var tekið af henni en í þau 2 skipti sem hún hefur komið til mín síðan hefur hún verið óvenju spennt, kvíðin og niðurdregin.

Í maí 1995 sagði A mér frá að tilsjónarkona frá barnaverndaryfirvöldum væri í þann mund að hefja komur til sín og kveið því nokkuð. Síðan reyndist þetta fyrirkomulag mjög vel og A hefur líkað vel við tilsjónarkonuna og talið sig hafa góðan stuðning af heimsóknum hennar.

Í viðtölum við mig hefur komið fram mikil umhyggja fyrir barninu og ég hef ekki fengið betur séð en að líf A snerist mest um drenginn og þarfir hans. Hann hefur stundum verið með í för þegar hún hefur komið til mín. Hann hefur verið hreinn og vel búinn, vel nærður og velsældarlegur það ég hef best séð.

Ég hef ekki vitað annað en að fremur gengi vel hjá A og að hún hugsaði mjög vel um drenginn. Það kom mér mjög á óvart er þeir atburðir gerðust að hún missti son sinn úr umsjá sinni.“

Í seinna bréfi sínu til lögmannsins gerir Jón G. Stefánsson svohljóðandi athugasemdir við framangreindar skýrslur þeirra Ólafs Ó. Guðmundssonar og Margrétar Bárðardóttur:

„Heildargreindarvísitala A mælist 72. Samkvæmt þessu er greind hennar innan marka þeirrar greindar sem talin er eðlileg. Hún sýnir hlýlegt viðmót og einlægni, innsæi í tilfinningar annarra og hæfni til myndunar tilfinningatengsla. Fram kemur að hún er samviskusöm, seig, stundvís, vandvirk og leggur sig fram sem eru góðir kostir og gera hana færari móður en ella væri.

Á hinn veginn kemur einnig fram að við skoðun sýnir hún óróa og ótta er talinn er tengjast þeim aðstæðum er hún var þá í. Við slíkar aðstæður er vel þekkt að rökhugsun skerðist, frumstæðari varnarhættir verða meira áberandi og

frammistaða á prófum, t.d. greindarprófum, verður lakari. Á þennan hátt kemur fram veikleiki í álagsþoli sem er á margan hátt til skaða.

Hvaða leið sem farin verður í því verkefni að tryggja sem best velferð barns og móður þarf að hafa í huga hvaða styrk A býr yfir og nota hann og jafnframt hvar hún er veikari og þar þarf að styðja hana eftir því sem við megnum.“

Niðurstaða.

1.

Svo sem fram er komið byggði Barnaverndarráð Íslands hina umdeildu forsjársviptingu sína á d-lið 1. mgr. 25. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna. Í því felst, að ráðið taldi, að fullvíst væri, að líkamlegri eða andlegri heilsu drengsins B eða þroska væri hætta búin sökum þess að stefnandi væri augljóslega vanhæf til að fara með forsjá hans. Í úrskurði barnaverndarnefndar hafði að auki verið byggt á a-lið sama ákvæðis, en samkvæmt því var það mat nefndarinnar, að uppleldi, daglegri umönnun eða samskiptum stefnanda við son sinn væri alvarlega ábótavant.

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 58/1992, segir meðal annars svo í athugasemdum um 28. gr. þess, en sú frumvarpsgrein er samhljóða 25. gr. laganna:

„Í greininni eru skilyrði forsjársviptingar tæmandi talin og þess freistað að orðalag greinarinnar sé svo leiðbeinandi við mat barnaverndarnefndar og barnaverndarráðs sem kostur er. Nægilegt er að eitt þessara skilyrða sé fyrir hendi til að barnaverndarnefnd sé heimilt að kveða upp slíkan úrskurð. Hann skal þó aðeins kveðinn upp að uppfylltum vissum öðrum skilyrðum. Í fyrsta lagi að ekki sé unnt að beita öðrum aðgerðum til úrbóta, sbr. 2. mgr., t.d. vegna augljósrar vanhæfni foreldra, eða þær hafi verið reyndar án nægilegs árangurs. Í öðru lagi ber nefnd jafnframt að hafa í huga hina almennu reglu sem sett er í 1. og 20. gr., þ.e. að forsjá barns sé að jafnaði best borgið í höndum foreldra. Nefndinni ber að stuðla að stöðugleika og þar með að gera foreldrum kleift að annast barnið. Þessi krafa felur þó ekki í sér að það sé látið víkja sem barni er fyrir bestu. Hafa ber í huga hve djúp tilfinningatengsl foreldra og barna eru. Rof þeirra tengsla geta falið í sér áhættu sem skylt er að meta eins og aðra hættu sem barninu er búin. ...

Í þeim tilvikum, sem lýst er í a-, b- og c-liðum greinarinnar, er ráð fyrir því gert að reynslan hafi sýnt að skilyrði forsjársviptingar séu fyrir hendi. Meginreglan hlýtur að vera að fullnægt sé einhverju þessara skilyrða.

Jafnframt verður að gera ráð fyrir tilvikum þar sem barnaverndarnefnd metur líkur til að heilsu barns og þroska geti verið slík hætta búin að réttlæti sviptingu forsjár. Um slík tilvik er fjallað í d-lið 1. mgr. Ljóst er að nefndum er hér mikill vandi á höndum og gera verður auknar kröfur til rökstuðnings fyrir slíkri

niðurstöðu. Gert er ráð fyrir að barnaverndarnefnd sýni fram á að fullvíst megi telja að barni geti verið hætta búin. Einnig að um augljósa vanhæfni sé að ræða og tilgreind þau dæmi sem líklegust eru til að leggja til grundvallar mati barnaverndarnefndar.“

Svo sem rakið er í framangreindum athugasemdum skal úrskurður um forsjárvsiftingu því aðeins kveðinn upp, að ekki sé unnt að beita öðrum aðgerðum til úrbóta, sbr. 2. mgr. 25. gr. barnaverndarlaga. Í ákvæðinu er um aðgerðir þessar vísað til 21. og 24. gr. laganna og ennfremur tiltekið, að grípa megi til forsjárvsiftingar hafi þær verið fullreyndar án nægilegs árangurs. Er hér annars vegar um að ræða stuðningsúrræði í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn eða ungmenni, en þeim er lýst í staflaðum a-g 1. mgr. 21. gr. Hins vegar er í 24. gr. laganna lýst þeim úrræðum sem barnaverndarnefnd getur gripið til án samþykkis foreldra. Segir þar meðal annars, að nefndin geti kveðið á um eftirlit með heimili og gefið fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, lækniþjónustu, meðferð eða þjálfun.

Þær greinar frumvarpsins, sem vísað er til í framangreindum athugasemdum, eru samhljóða 1. og 17. gr. laganna. Í fyrirnefnda ákvæðinu er lýst því markmiði barnaverndar, að hún eigi að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldis- skilyrði. Skuli það gert með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það eigi við. Þá skuli jafnan það ráð upp taka í barnaverndarstarfi sem ætla megi að barni eða ungmenni sé fyrir bestu og því þann veg hagað að það stuðli að stöðugleika í uppvexti barna og ungmenna. Í 17. gr., sem snýr að forsjár- og uppeldisskyldum foreldra, er tekið fram, að barnaverndarnefnd sé ekki aðeins skylt að aðstoða foreldra við að gegna foreldraskyldum sínum, heldur beri henni einnig að grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt V. kafla laganna ef þurfa þykir. Skuli þess að jafnaði gætt að almenn úrræði til stuðnings við fjölskyldu séu reynd áður en komi til þvingunarúrræða. Þó skuli ávallt það ráð upp taka sem megi ætla að sé barni eða ungmenni fyrir bestu.

2.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur tók málefni stefnanda fyrir á fundi sínum 13. desember 1994, en stefnandi var þá barnshafandi. Er áður lýst afskiptum nefndarinnar af stefnanda frá þeim tíma og allt þar til nefndin ákvað á fundi sínum 15. ágúst 1995 að hætta beinum afskiptum af henni og syni hennar. Á þeim fundi var lögð fram greinargerð frá Kolbrúnu Ögmundsdóttur félagsráðgjafa, starfsmanni nefndarinnar, um stefnanda og hagi hennar. Þar er því meðal annars lýst, svo sem áður er fram komið, að ekki hafi borið á misnotkun áfengis og lyfja hjá stefnanda, hún leggi sig fram við að sinna syni sínum og að hann dafni vel. Þá hafi stefnandi haft tilsjónarmann frá því í byrjun maí,

tekið honum vel og verið fús til að fylgja leiðbeiningum hans. Var greinargerð þessi lögð til grundvallar við framangreinda ákvörðun barnaverndarnefndar á fundi hennar í ágúst 1995. Eftir að barnaverndarnefnd hætti beinum afskiptum af stefnanda fylgdist tilsjónarmaður, skipaður af barnaverndaryfirvöldum, með heimili hennar og uppeldi B. Hefur tilsjónarmaðurinn, Hólmfríður Jakobsdóttir, ritað greinargerð um störf sín, sem er í alla staði mjög jákvæð í garð stefnanda. Fyrir dómi bar Hólmfríður mjög á sama veg um samskipti sín við stefnanda, aðstæður hennar og mat sitt á getu hennar til að ala son sinn upp. Er ekki kunnugt um atvik sem metin verða svo, að barnaverndaryfirvöldum hefði verið rétt að hafa frekari afskipti en að framan greinir af málefnum stefnanda og sonar hennar allt frá fæðingu hans og fram til 21. ágúst 1996.

3.

Í skýrslu Margrétar Bárðardóttur sálfræðings, sem áður er gerð grein fyrir, kemur fram, að heildargreindarvísitala stefnanda hafi mælst 72 stig. Styðst mælingin við próf sem Margrét lagði fyrir stefnanda á tímabilinu 24. september til 14. október 1996.

Meðalgreind er skilgreind sem greindarvísitala á bilinu 90-110, en á því bili er um helmingur fólks. 95% fólks er með greindarvísitölu á bilinu 70-130 og telst falla innan heilbrigðra marka. Samkvæmt þessari skilgreiningu er 2-2,5% manna með greindarvísitölu lægri en 70 og önnur 2-2,5% með hærri en 130 greindarvísitölustig.

Í skýrslu sálfræðingsins koma fram getgátur um að stefnandi komi ekki til með að ráða „vel við auknar kröfur um hnitmiðað uppeldi er fram í sækir...“. Hún eigi þó til að sýna hlýlegt viðmót og einlægni. Hins vegar verði að telja að verulegur vafi sé um það hvort hún sé fær um að búa barninu þau þroskavænlegu skilyrði sem það þarfnist til að þroskast eðlilega.

Fram er komið, að niðurstaða geðrannsóknar Ólafs Ó. Guðmundssonar er að hluta til byggð á framangreindu sálfræðimati.

Það er mat dómsins, að forsjársvipting verði ekki byggð á greindarskerðingu stefnanda. Auk þess sem hér að framan greinir um greindarmælingu, ber að hafa í huga, að hún er gerð á þeim tíma, að sorg og kvíði stefnanda hefur getað haft áhrif á niðurstöðuna, sbr. bréf Jóns G. Stefánssonar geðlæknis frá 19. febrúar 1997, sem áður er rakið. Þá er niðurstaða sálfræðimatsins lítt afgerandi og byggist um of á vangaveltum um framtíðarhæfni stefnanda til að veita syni sínum eðlilegt uppeldi, en ekki kemur þar fram að stefnandi hafi verið óhæfur uppalandi á þeim tíma sem matið fór fram.

Í skýrslu Ólafs Ó. Guðmundssonar geðlæknis um geðrannsókn sem hann gerði á stefnanda, kemur hvergi fram, að hann telji stefnanda ófæra um að hafa uppeldi barns með höndum. Í skýrslu hans koma hins vegar fram hugmyndir um

líklega vanhæfni stefnanda til að annast uppeldi sonar síns nema verulegur stuðningur komi til. Við geðrannsóknina komu ekki fram merki um alvarlega geðveiki stefnanda.

Ekki eru leidd rök að því í framangreindum sérfræðiskýrslum, að hegðun stefnanda sé með þeim hætti að líklegt sé að hún valdi barninu skaða.

Það er álit dómsins, að þær rannsóknarniðurstöður sérfræðinga, sem hér hefur verið lýst, verði ekki einar sér lagðar til grundvallar ákvörðun um forsjársviptingu. Allra síst er það úrræði tækt þegar fyrir liggja umsagnir geðlæknisins Jóns G. Stefánssonar, þar sem áherslur í niðurstöðum eru mjög á annan veg. Ber í þessu sambandi að hafa í huga, að Jón G. Stefánsson hafði haft stefnanda til læknismeðferðar frá árinu 1989, en rannsóknir þeirra Margrétar og Ólafs voru gerðar á mjög skömmum tíma.

Niðurstöður í þeim úrskurðum barnaverndaryfirvalda, sem hér eru til umfjöllunar, eru að hluta til byggðar á skýrslum frá starfsfólki vistheimilis barna og Sigurgísla Skúlasyni sálfræðingi. Það er mat dómsins að skýrslur þessar geti ekki talist annað en veigalíttill þáttur í forsendum úrskurða barnaverndaryfirvalda fyrir þeirri niðurstöðu, sem þeir kveða á um. Þykir ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um skýrslur þessar við úrlausn um efnislega niðurstöðu málsins.

Tekið skal fram, að það sem haft er eftir Jóni G. Stefánssyni í framangreindum forsendum úrskurðar Barnaverndarráðs er í andstöðu við gögn frá honum sem liggja frammi í málinu og vitnisburð hans fyrir dómi.

4.

Samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 hvílir skylda á stjórnvöldum til að sjá til þess, að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Telst mál ekki nægilega rannsakað fyrir en aflað hefur verið þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að taka efnislega rétta ákvörðun í því. Barnaverndaryfirvöld eru bundin af þessari reglu við úrlausn mála, sem þau fá til meðferðar. Sérákvæði um rannsóknarskyldu barnaverndarnefnda og heimildir þeirra við rannsókn máls er í 43. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna, en það ákvæði nær ennfremur til Barnaverndarráðs Íslands, sbr. 4. mgr. 49. gr. laganna.

Í ljósi þeirra ríku hagsmuna sem í húfi eru þegar til álita kemur að taka ákvörðun um forsjársviptingu á grundvelli 25. gr. tilvitnaðra laga, er mjög brýnt, að vandað hafi verið til rannsóknar máls í hvívetna og að ákvörðun um sviptingu forsjár sé að því leyti byggð á einkar traustum grunni. Er þá ennfremur til þess að líta, að barnaverndaryfirvöldum gefst lögum samkvæmt rúmur tími til að rannsaka mál og taka afstöðu til hugsanlegrar forsjársviptingar í kjölfar annarra og vægari úrræða sem þau hafa gripið til í þágu barnaverndar. Að mati dómsins

og með vísan til þess sem að rakið er í köflum 2 og 3 hér að framan, studdist ákvörðun barnaverndarnefndar og Barnaverndarráðs Íslands um að stefnandi skyldi svipt forsjá sonar síns ekki við slíka rannsókn, sem gera verður kröfu til samkvæmt framansögðu. Auk þess sem þar er rakið verður ekki betur séð en að ýmis atriði, sem höfðu neikvæð áhrif á stöðu stefnanda í málinu, hafi verið lögð til grundvallar við úrlausn þess án þess að leitast hafi verið við að færa viðhlítandi sönnur fyrir þeim. Má hér nefna staðhæfingar um mikla og óeðlilega söfnunaráráttu stefnanda og misnotkun hennar á lyfjum og áfengi, fullyrðingar um að útigangsfólk vendi komur sínar á heimili hennar og að drukkinn maður hafi verið búinn að halda þar til í nokkurn tíma þegar afskipti barnaverndarnefndar 21. ágúst 1996 komu til, svo og sögusagnir um að B væri jafnan svangur og illa hirtur. Nægir hér að nefna, að ekkert af þessu fær stoð í greinargerð og vitnisburði Hólmfríðar Jakobsdóttur og er reyndar að meginstefnu til í beinni andstöðu við þá lýsingu sem hún hefur gefið, en Hólmfríður hafði, svo sem fram er komið, regluleg samskipti við stefnanda sem skipaður tilsjónarmaður hennar um eins og hálfis árs skeið og allt þar til B var tekinn af henni. Þá er það svo að mati dómsins, að gögn, sem telja verður þýðingarmikil og stefnanda í hag, hafi nær algjörlega verið sniðgengin af barnaverndaryfirvöldum við úrlausn málsins og það án þess að efnislegu gildi þeirra hafi þar verið hnekkt. Er hér sérstaklega vísað til fyrrnefndrar greinargerðar Hólmfríðar Jakobsdóttur og þeirra bréfa frá Jóni G. Stefánssyni geðlækni, sem lögð hafa verið fram í málinu. Loks var brýn þörf á því í ljósi framlagðra gagna frá geðlækninum, sem hefur stundað stefnanda allt frá árinu 1989, og þeirra annmarka sem samkvæmt framansögðu eru á rannsóknarniðurstöðum þeirra Margrétar Bárðardóttur sálfræðings og Ólafs Ó. Guðmundssonar geðlæknis, að aflað yrði frekari sérfræðigagna í málinu áður en til þess kynni að koma að kveðið yrði á um forsjársviptingu í úrskurði.

Þegar allt framangreint er virt er það mat dómsins, að ekki hafi verið næg efni til að slá því föstu á grundvelli fyrirbyggjandi rannsóknar barnaverndaryfirvalda, að skilyrðum 1. mgr. 25. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna hafi verið fullnægt þá er barnaverndarnefnd Reykjavíkur og síðar Barnaverndarráð Íslands tóku um það ákvörðun með úrskurðum 21. janúar og 29. apríl 1997 að svipta stefnanda forsjá sonar síns.

5.

Að áliti dómsins hefur ekki verið sýnt fram á það undir rekstri málsins, einkum í ljósi samskipta stefnanda og barnaverndaryfirvalda fram til 21. ágúst 1996, að hugað hafi verið nægilega að því að beita öðrum og vægari úrræðum gagnvart stefnanda en forsjársviptingu, sbr. 24. gr. barnaverndarlaga, en fráleitt verður að telja að slíkar aðgerðir hafi verið fullreyndar. Verður þannig að ætla í ljósi greinargerðar Kolbrúnar Ögmundsdóttur, sem lögð var fram á fundi barna-

verndarnefndar 15. ágúst 1995, og annarra jákvæðra umsagna um stefnanda, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, að vægari aðgerð en forsjársvipting hefði verið vænleg til árangurs. Er nærtækt að álykta að með góðu móti hefði verið unnt að koma heimilislífi stefnanda og sonar hennar í það horf sem var fyrir 21. ágúst 1996. Þá liggur fyrir í málinu að stefnandi hafði óskað eftir aðstoð til að komast í annað húsnaði vegna samskiptaörðugleika við nágranna. Í vætti Kolbrúnar Ögmundsdóttur félagsráðgjafa kemur fram að henni var kunnugt um þessa ósk stefnanda. Ekkert liggur hins vegar fyrir um það í málinu hvort hún hafi verið tekin til umfjöllunar í barnaverndarnefnd, né heldur hvort ástæða hennar hafi verið könnuð eða hvaða möguleiki hafi verið á að verða við henni. Telur dómurinn með hliðsjón af þessu að úrskurðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs í máli stefnanda 21. janúar og 29. apríl 1997 hafi farið í bága við ákvæði 17. gr. og 2. mgr. 25. gr. laganna og meðalhöfsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga.

6.

Með vísan til alls þess, sem rakið hefur verið hér að framan, verður ekki hjá því komist að taka til greina þá kröfu stefnanda, að úrskurður Barnaverndarráðs Íslands í máli hennar 29. apríl 1997 verði felldur úr gildi, enda verður þeirri ráðstöfun, sem þar var ákveðin, ekki fundin stoð í því, að aðstæður stefnanda hafi breyst á þann veg frá því að úrskurðurinn var kveðinn upp, að skilyrði 25. gr. barnaverndarlaga séu nú fyrir hendi.

Eftir því sem næst verður komist hefur B verið í fóstri hjá stefndu, hjónunum M og K, frá 28. júní 1997, að undangenginni 16 daga fósturaðlögun. Liggur ekki annað fyrir en að drengnum hafi á grundvelli úrskurðar Barnaverndarráðs um forsjársviptingu og með sérstökum samningi, svokölluðum fóstursamningi, verið komið í varanlegt fóstur til þeirra, sbr. 29. og 31. gr. laga nr. 58/1992. Ekki verður dregið í efa að drengurinn búi þar við góðar heimilisaðstæður og að hann njóti öryggis og góðs atlætis í alla staði. Þessi aðstaða getur hins vegar ekki komið í veg fyrir það, að réttur stefnanda til að fá forsjá sonar síns að nýju nái fram að ganga. Verður sú krafa hennar tekin til greina. Af því leiðir, að stefndu verða að sæta ógildingu framangreinds fóstursamnings.

Eftir framangreindum málsúrslitum verður Reykjavíkurborg gert að greiða 457.700 krónur í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 457.700 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Óskars Thorarensen héraðsdómslögmanns, 450.000 krónur. Við ákvörðun þóknunar til lögmannsins hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Með úrskurði 12. október 1998, uppkveðnum af Friðgeiri Björnssyni dómstjóra, viku allir dómamar við Héraðsdóm Reykjavíkur sæti við úthlutun og með-

ferð máls þessa, sbr. ákvæði 1. mgr. 19. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla. Með bréfi dómstólaráðs 15. sama mánaðar var Þorgeiri Inga Njálssyni héraðsdómara falið að fara með málið. Kveður hann upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Finni Torfa Hjörleifssyni dómstjóra og Tómasi Zoëga geðlækni.

Málið var upphaflega dómtekið 18. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi. Á dómþingi fyrr í dag var það endurupptekið til framlagningar gjafsóknarleyfis, sem gefið var út 2. þ.m., og dómtekið að nýju.

D ó m s o r ð :

Úrskurður Barnaverndarráðs Íslands 29. apríl 1997, þar sem stefnandi, A, var svipt forsjá sonar síns, B, er felldur úr gildi og skal stefnandi fá forsjá hans að nýju.

Framangreindur fóstursamningur er ógiltur.

Stefnda, Reykjavíkurborg, greiði 457.700 krónur í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, 457.700 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans hennar, Óskars Thorarensen héraðsdómslögmanns, 450.000 krónur.
